



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 31. janúar 2008

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn í húsi Vegagerðarinnar í Búðardal 31. janúar 2008.

Mættir: Guðbjörn, Valberg, Eyþór, Viðar og Þórður.

1. Úrtaka fyrir LM.
Úrtakan verður sameiginleg fyrir öll hestamannafélög á Vesturlandi og verður að Mið-Fossum þann 31. maí. Stefnt er að því að keppt verði í tölti líka.
2. Fjórðungsmót 2009.
Rætt um staðsetningu og fleira.
3. Reiðvegir.
Eyþór og Guðbjörn fóru ásamt formanni Veiðifélags Laxdæla og skoðuðu reiðvegastæði hjá Ljárskógum. Glaðsmenn hafa áhuga á að fara niður með Ljá og síðan á fjörubökkum að Ljárskógarétt.
Rætt um reiðveginn hjá Tunguá í Miðdölum. Samþykkt ályktun: Stjórn Glaðs fer fram á að við hönnun á nýrri brú yfir Tunguá verði gert ráð fyrir að reiðvegurinn verði áfram vestan megin vegar. Þannig verði væntanlegt ræsi nógu langt til að reiðvegur komist þar fyrir við hlið þjóðvegur.
4. Skoðunarferð 16. febrúar ásamt Snæfellingi.
Rætt um dagsetninguna en því miður er þetta sami dagur og við erum með reiðnámskeið. Stjórn sér sér þó ekki fært að breyta dagsetningunni.
5. Árshátíð.
Ákveðið að stefna að því að halda árshátíðina 29. mars næstkomandi.
6. Fundur með landbúnaðarráðherra.
Formaður upplýsir að þessi fundur verði líklega mjög fljótlega. Ákveðið að Eyþór, Valberg og Þórður fari á fund ráðherra.
7. Umsókn til Framleiðnisjóðs.
Borist hefur bréf frá sjóðnum þar sem styrkumsókninni er hafnað.
8. Umsókn til Menningarsjóðs Vesturlands.
Sótt var um styrk til að rita sögu félagsins á yfirstandandi afmælisári. Svar hefur ekki borist.
9. Landsmót.
Ákveðið að athugað verði með að láta útbúa einhvern fatnað með Glaðsmerki sem félagsmenn gætu klæðst m.a. á Landsmóti í tilefni af afmæli félagsins.

Fundi slitið,

Þórður Ingólfsson (sign)

Eyþór J. Gíslason (sign)

Valberg Sigfússon (sign)

Viðar Þór Ólafsson (sign)

Guðbjörn Guðmundsson (sign)